



## Ruslahreinsun 2015.



Ruslahreinsun verður miðvikudaginn 3. júní og hefst kl. 17:30.

Búið er að skipta sveitinni milli félaga.

Á hverjum stað er forsvarsmáður félagsins/félaganna beðinn að skipuleggja hreinsunina. Á eftir bjóða Skútustaðahreppur og Jarðböðin í grillveislu við Jarðböðin kl. 19:30. Einnig verður frítt í Jarðböðin fyrir ruslatínslufólk.

Forsvarsmenn félaga eru beðnir að ná í ruslapoka og hanska á skrifstofu hreppsins þennan dag.

### Skiptingin er eftirfarandi:

Frá Austurlandsvegi í Garð. Auk þess Grjótagjárvegur, Hverfjallsvegur og Dimmuborgarvegur.

Umsjón: Landeigendafélag Voga, Slysavarnarfélagið og Fjöregg.

### Mæting við Björk.

Frá Garði að Mátvatni. Umsjón: Björgunarsveitin, Kiwanis og Akstursíþróttafélag Mátvatnssveitar. **Mæting við Sel hótél.**

Frá Arnarvatni að vegamótum á Öxl. Umsjón: Kvenfélagið og Menningarfélagið Gjallandi. Mæting við Laxárbrú.

Frá flugvallarvegi niður a.m.k. að Sandvatnsbrekku.

Umsjón: Landeigendafélag Reykjahlíðar og Grímungar.

### Mæting við flugvallarveg.

Frá flugvallarvegi, Reykjahlíðarþorp, gamli vegur frá skóla og upp að Bjarnarborg, Austurlandsvegur a.m.k. að Kröfluafleggjara og helst lengra. Einnig vegurinn að Jarðböðunum.

Umsjón: Íþrótt- og ungmennafélagið Mývetningur og Golfklúbburinn. **Mæting við Dyngjuna.**

Komum og hreinsum okkar fallegu sveit og eigum góða stund saman.

F.h. Skútustaðahrepps  
Sólveig Jónsdóttir  
Gsm 849-7749

# Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir

Sími: 464 4343, 866 0311

Netfang: [myflugan@emax.is](mailto:myflugan@emax.is)

18. tbl. 7. árg. miðvikudaginn 27. maí 2015

## Afmælisbörn dagana 28. maí — 3. júní 2015

28. Sonja Rut Stefánsdóttir, Þuríður Pétursdóttir.
29. Arngrímur Geirsson, Bergþóra Eysteinsdóttir, Bjarnfríður Valdimarsdóttir, Martina Skultétyová
31. Claudia Nicole Jakobs, Þórarinn Böðvarsson.
  1. Friðjón Jóhannsson, Ólafur Þ. Stefánsson.
  2. Ásdís Erla Jóhannesdóttir, Hildur Jónsdóttir.
  3. Guðrún Benediktsdóttir, Júlíus Gunnar Björnsson.



## Skólaslit

Skólaslit Reykjavíðarskóla og Tónlistarskóla Mátvatnssveitar verða föstudaginn 29. maí kl. 16:30.

Allir velkomnir.

Skólastjóri



## Frá Íþróttamiðstöð

Íþróttamiðstöðin verður lokað frá og með miðvikudeginum 3. júní vegna viðhalds. Opnum aftur laugardaginn 6. júní.

Eftir 6. júní verður opið alla daga milli kl. 10:00 og 21:00.

Kveðja, starfsfólk



## Viljum minna á aðalfund Golfklúbbs Mývatnssveitar

sem haldinn verður í golfskálanum Krossdalsvelli  
í dag, miðvikudaginn 27. maí 2015 kl. 20:00.

### Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf.  
Önnur mál.

Félagar hvattir til að mæta.  
Nýjir félagar velkomnir.  
Stjórnin.



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi*  
**Björn J. Guðmundsson**  
**Hólabraut, Reykjadal**  
*Iést á Akureyri, hvítasunnudag 24. maí.*  
*Útförin auglýst síðar.*

Guðmundur Eggert Björnsson  
Ragnheiður Björnsdóttir  
Ásta Björnsdóttir  
Arna Jakobína Björnsdóttir  
Guðm. Kolbeinn Björnsson  
Birna Björnsdóttir,  
barnabörn og barnabarnabörn.

Birgitta Granqvist  
Jóhann Karlsson  
Sigurjón Valdimarsson  
Skúli Rúnar Árnason  
Guðlaug Ágústsdóttir



FATASÖFNUNARÁTAK RAUÐA KROSSINS OG EIMSKIPS

# GERÐU GAGN MEÐ GÖMLUM FÖTUM

Komdu með gömlu fötin þín, skóna, handklæði, rúmföt, glugga-  
tjöld og aðrar vefnaðarvörur, á fatasöfnunarstöðvar Rauða krossins.  
Allur fatnaður, hvort sem hann er slitinn eða heill, nýtist okkur  
í hjálparstarfi hérlendis sem erlendis.



### Söfnunarstöðvar:

Allar afgreiðslustöðvar Eimskips Flytjanda  
og fatasöfnunargámar Rauða krossins.



 Rauði krossinn

# Mýflugan

## Kæru lesendur og viðskiptavinir.

Mýflugan kemur út á miðvikudögum.

Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 14:00 á þriðjudögum.  
Netfang: [myflugan@emax.is](mailto:myflugan@emax.is) eða í síma 464 4343/ 866 0311

### Verðskrá:

1/3 síðu auglýsing 2.600 kr. m/vsk.

1/2 síðu auglýsing 3.700 kr. m/vsk.

1/1 síðu auglýsing 4.800 kr. m/vsk.

Kveðja, Hrafnhildur.

*Stundum tekur fólk ekki eftir  
þeim góðu hlutum sem þú ert  
að gera fyrir það.....  
Fyrir en að þú hættir því... !*



*Hjartamál og Hugardraumar.*

# Opnir fundir um Þeistareykjavirkjun þriðjudaginn 2. júní

Kynning á framkvæmdum og  
gufuöflun á Þeistareykjum

Landsvirkjun leggur áherslu á  
opin samskipti við hagsmuna-  
aðila og býður til tveggja  
Íbúafunda 2. júní næstkomandi.

Markmið opinna funda Landsvirkjunar  
er að stuðla að gagnsæri og faglegri  
umræðu um málefni sem tengjast  
starfsemi fyrirtækisins.

### Fundadagskrá:

- Salur Framsýnar stéttarfélags,  
Garðarsbraut 26 kl. 17.15
- Ýdalir í Aðaldal kl. 20.30

Á fundunum kynna fulltrúar Lands-  
virkjunar stöðu uppbyggingar virkjunar  
á Þeistareykjum og framkvæmdir  
sumarsins. Einnig verður fjallað um  
gufuöflun og rannsóknir  
á jarðhitaförða svæðisins.